



Bls. 3 Jólásögur af sjónum eftir Gísla Richards: „Þetta var einn hörmungartúr því illa fiskaðist, trollið rífið og allt í henglum...”

Bls. 6 Viðtal við Mariu sjálfboðaliða: „Þetta var einskonar virknisetur, segir Maria. Ég elskaði það. Ég lærði margt, meðal annars spænsku.”



Litli Hver

12. tbl. 2023



Dagskrá um jól og áramót



Föstudagur 22. desember
verður skötuveisla Geysis
haldin kl. 12.00

Verð: 2000 kr. fyrir manninn



Jólaveisla Klúbbsins Geysis
verður
þriðjudaginn 5. desember

Hamborgarhryggur og meðlæti
Eftirréttur kaffi og konfekt
Glæsilegt happadrætti
Hljómsveit hússins eflir jólastemninguna með
söng og undirleik

Verð: 4000 kr.
Staðfestingagjald: 2000 kr.
Auka happadrættismiðar:
500 kr stk.

Húsið opnar kl 18.00

Sunnudagur
24. desember
aðfangadagur
Ópið frá 10.00 til 15.00

Steikt lambalæri
Kaffi og konfekt á eftir

Verð: 3.000 kr.
Staðfestingagjald 1.500 kr.
Síðasti skráningadagur er

Litlu jólin í Geysi
laugardaginn
16. desember

Húsið opnað kl. 11.00
Lokað kl. 15.00
Verð: 2.500 kr.
Staðfestingargjald: 1000 kr.
Munið að koma með ódýran
jólapakka að leggja í púkk.
C.a 1.000 kr. Óvæntur jóla-
gestur.
Síðasti skráningardagur er
12. desember.

Gamlársdagur
laugardagur 31.
desember
Ópið frá 11.00 til 14.00

Gamlársdagssúpa Geysis
Verð: 800
Kaffi og konfekt á eftir.

Litli Hver Útgefandi: Klúbburinn Geysir.

Framkvæmdastjóri: Þórunn Ósk Sölvadóttir. Þeir sem unnu
þetta blað: Addi, Benedikt, Fannar, Kristinn, Gísli, Krissa
Heimilisfang: Skipholt 29. Sími: 551-5166, tölvupóstur
kgeysir@kgeysir.is Heimasíða: www.klubburinngeysir.is
Facebook: Klúbburinn Geysir, Instagram: klubburinn_geysir #geysirclubhouse

 KLÚBBURINN
GEYSIR | 20 ÁRA

Úr sagnabrunni Gísla

Jólasögur af sjónum



Bjarni Ben RE 210



Gísli Richardsson

Jólatúrinn sem fór í blöðin

Árið 1984 og 1985 þegar ég var í Stýrimannaskólanum fór ég tvisvar í veiðitúr um jól. Einu sinni á Bjarna Ben (stundum kallaður Big Ben þegar Sigurður Steindórsson skipstjóri var á honum) og einu sinni á Ingólfi Arnarsyni. Þessir túrar komu sér vel peningalega þegar ég var í skólanum. Þegar ég fór í túrinn á Bjarna Ben fóru allir fastir menn í frí svo það voru bara nýjir menn í brúnni. Ég þekkti fyrsta stýrimann en ég hafði verið með honum á Ásgeiri RE60. Hann vildi að ég yrði bátsmaður en skipstjórinn þekkti mig ekki neitt svo ég fékk ekki bátsmannsstöðuna. Þetta var einn hörmungartúr því illa fiskaðist trollið rifnaði og allt í henglum þannig að ég var alltaf í því að bæta trollið. Þessar viðgerðir á trollinu voru svo miklar að farið var að blæða úr fingrunum og vaknaði þannig nokkra morgna. Í þessu

starfi voru menn iðulega berhentir svo ef mikið var bætt fór að blæða. Auk þess var ég búinn að vera á skólabekk og því óvanur svona miklum bætingum. Ég var því farinn að stjórna öllu á dekkinu og skipstjórinn sá eftir því að hafa ekki ráðið mig sem bátsmann. Þessi túr gekk svo illa að það kom frétt um þetta í blöðum vegna þess að eldsneytiskostnaðurinn var meiri en verðmæti aflans sem var um 60 tonn eftir tveggja vikna útiveru.

Túrinn sem aldrei var farinn

Einu sinn fór ég jólatúr á Viðeynni. Við fórum út fyrir jól og fiskaðist ágætlega, en á milli jóla og nýárs fórum við í land. Það var búið að lofa okkur að fá frí yfir áramótin, en því var breytt og farið fyrir áramót. Þá hringdi ég í skipstjórannt ásamt átta öðrum köllum og neituðum við að fara túrinn. Við höfðum betur og ekkert varð af túrnun.



Matseðill fyrir desember 2023

Matseðill er birtur með fyrirvara um breytingar



**Alla daga er hægt að panta sér salatskál a la grande.
Munið að panta samdægurs fyrir klukkan 10.00**

Mán.	Þri.	Mið.	Fim.	Fös.	Lau.	Sunnd.
				1. Pizza Eplagrautur	2.	3.
4. Mexíkósk kjúklinga- súpa	5. Pylsur Jólaveislan kl. 18.00 Hamborgar hryggur	6. Kjötbollur og pasta	7. HLADBORD	8. Grísasnitset með kartöflum. Bláberjagrautur	9.	10. 
11. Tómat- súpa og brauð	12. Steiktur fiskur í raspi	13. Píta með kjúklingi	14. HLADBORD	15. Hamborgari og franskar. Sveskjugrautur	16.	17.
18. Lauk- súpa	19. Gratiner- aður fiskur í karrísósu	20. Kálböggjar með bræddu smjöri og kartöflum	21. HLADBORD	22. Skötu- og saltfiskeisla Geysis	23. Þorláks- messa LOKAD	24. Jólaveisla Steikt lamba læri 11.00 til 14.00
25. Jóladagur Lokað	26. Annar í jólum Jólakaffi frá 14.00 til 15.00	27. Súrsætur grísaréttur með grjónum	28. HLADBORD	29. Rónasteik deluxe með bökuðum baunum og eggj. Jarðaberja- grautur	31. Gamlárs- dagur Súpuveisla	

Hefur þú tillögur að skemmtilegri matseld og hugmyndir um að auka fjölbreytni á matseðli Klúbbsins Geysis? Mættu þá á eldhúsfund kl. 10.30 síðasta mánudag hvers mánaðar og taktu þátt í að móta heilsusamlegan og fjölbreyttan matseðil.



Félagi mánaðarins

Félagi mánaðarins að þessu sinni er Sigurður Guðmundsson. Hann er fæddur í Reykjavík 16. september 1967, en þar sem fæðingartíðni hans finnst ekki á Landsspítalanum þegar hann fór að leita að fæðingartímanum sínum var efasemdarniðurstaða hans eftirfarandi: „My existence remains questionable“

„Þegar ég spurðist fyrir um fæðingartímann þá var ég spurður eftir kennitölu móður en ég var með kennitölu föður míns á reiðum höndum og spurði hvort það væri ekki nóg. Þá fékk ég þetta svar: „Nei vinur það var hún móðir þín sem ól þig!“

En af hverju ertu svona upptekinn af fæðingartímanum?

„Mitt aðal áhugamál er stjörnuspekin sem sagt. Ég er meylla, rísandi krabbi með tilfinningar og heimili flæðandi í fiskamerkinu. Svo þegar ég kík út fyrir skelina þá kemur smá ljón fram. Verkfræðingur að mennt en starfandi lífskúntner staddur í skóla lífsins.

Uppáhaldsmaturinn er hrísgrjónagrautur með kanilyskri, rjóma og lifrarpylsusneið, lærdi þó á sextugsaldri að borða hafragraut í morgunmatnum í Geysi.

Uppáhaldsblómmyndin, „The Right Stuff“, og sjónvarpsþættirnir „Stargate SG1, Atlantis og Universe“.

Annað í upphaldi hjá Sigurði er eðlisfræði: Uppáhaldslitur: Blár.

Uppáhaldsgeimflugin: Starship Enterprise.

Uppáhaldstónlist: Ég er alæta á tónlist en upphaldslagið mitt er Thunderstruck með AC/DC.

Við þökkum Sigurði kærlega fyrir spjallið og óskum honum jólafríðar og alls hins besta.

Spurning mánaðarins

Hvað viltu fá í skóinn?

Nýjan síma!



Ég vil fá gott í skóinn



Hljóðkerfi



Hraðvirkan
þrívíddarprentara



Ég set ekki skó út í
glugga



Gítar magnara



Viðtal við Mariu Bordáčová sjálfboðaliða í Geysi

Ég hef alltaf haft áhuga á mannshuganum

Maria Bordáčová er fædd og uppalin í Slóvakíu sem tilheyrði Tékkóslóvakíu til 1993 þegar Slóvakía varð sjálfstætt lýðveldi. Maria er sjálfboðaliði í Klúbbnum Geysi og ætlar að dvelja hjá okkur í 12 mánuði.

Hún er af menntafólki komin, faðir hennar er tölvunarfræðingur og móðir hennar hjúkrunarfræðingur. Hún á fjögur systkini, tvö sem eru eldri og tvö sem eru yngri. Þau búa í Vístuk í Slóvakíu ekki langt frá höfuðborg landsins Bratislava. Eftir að hún kláraði háskólanám sitt í Slóvakíu fékk hún starfsþjálfunarstyrk til þess að fara til Spánar, þar sem hún starfaði sem sálfræðingur á stofnun fyrir aldraða. „Þetta var eins konar virknisetur, segir Maria. Ég elskaði það. Ég lærði margt, meðal annars spænsku og að fást við ýmskonar fjölbreyttar áskoranir hjá öldruðum. Einnig hafði ég tækifæri til þess að ferðast um Spán sem var mikil áskorun og kom mér til þess að sjá heiminn í stærra samhengi. Hugsa út fyrir kassann og kynnst öðru fólki og menningu þess.“

Af hverju sálfræði? „Ég hef áhuga á mannshuganum og hvernig hann vinnur, einnig taugasálfræði, hvernig heilinn hefur áhrif á fólk með geðrænar áskoranir. Og það er draumur minn að geta unnið á því sviði í framtíðinni. Þar sem ég á fjögur systkini var ég alltaf forvitin um hvernig það hefði áhrif á persónuleika minn eða karakter. Ég var lengi yngst systkina minna eða í níu ár þegar yngri systkini mín fæddust.“



Maria ihugar stöðuna á deildarfundi

Maria segir að fyrstu árin hennar í námi hafi snúist mikið um þetta efni, en þegar vinkona hennar fór að hafa áhyggjur af þessu og hvort ég ætti ekki að finna mér annað viðfangsefni, gerði ég það. Síðasta sumar bjó ég á Reyðarfirði í nærri einn mánuð og féll algjörlega fyrir fjöllum þar og flaði vel löngu sumarnæturnar og á Íslandi kunni ég vel við rólegheitin yfir öllu, bæði fólk og landi. „Ég vann á veitinga- og gistihúsinu Tærgesen. Það voru ekki margir Íslendingar sem gistu, heldur frekar erlendir túristar. Það vakti áhuga minn á að kynnst betur Íslendingum. Ég varð hins vegar að fara aftur til Slóvakíu vegna þess að ég varð að fara í tvenn brúðkaup. Ég varð að dvelja lengur en ég ætlaði því ég fékk vinnu þar og frestaði því ferð minni aftur til Íslands. Fyrir tveimur árum fékk ég tækifæri til þess að koma aftur til Íslands, kynnti mér ESC sem er sjálfboðaliðaverkefni á vegum Evrópusambandsins. Þar vakti áhuga minn starfið í Geysi, sótti um og fékk árs

dvalarleyfi við sjálfboðastarf þar.“

Nú ertu í Reykjavík, hvernig kemur hún út í samburði við Reyðarfjörð? „Það er meira framboð á alls konar ólíku menningarlegu efni en á sama tíma er lífið hér nokkuð friðsamt.

Jafnvel þó að Reykjavík sé höfuðborg landsins þá er hún ekki yfirþyrmandi.



Maria prófar sig við pönnuna

Að vanda spyrjum við Mariu um hennar uppáhalds af ýmsu tagi.

Uppáhalds litur? Miðnæturbíllur
Uppáhalds tónlist? Indípop og af íslenskum hljómsveitum er það hljómsveitin LÓN

Uppáhalds kvikmynd? Pointbreak
Uppáhalds leikari? Tomáš Mašťalír sem er slóvakískur leikari

Uppáhalds árstíð? Veturinn og snjór.

Uppáhalds bíll? Mustang Shelby

Uppáhald matur? Spagetti með túnfiski tómatsósu og osti

Að lokum óskum við Mariu góðrar dvalar á Íslandi og að hún megi blómstra í Klúbbnum Geysi

Viðtal: Benni

Jólahefðir í Slóvakíu

Sú hefð hefur verið við líði í Slóvakíu frá ómunatíð að stúlkur finni sér mannsefni með athöfn sem hér segir.



Reyndar er þessi hefð ekki í hávegum höfð lengur og á undanhaldi og aðeins stunduð meira til gamans sem gömul bábilja og vitleysa.

Á degi heilagrar Lucyu fengu ólofaðar stúlkur epli sem þær geymdu fram að jóladegi. Þær taka einn bita af eplinu á hverjum degi fram að miðnætti þann 24 desember. Við síðasta bitann áttu þær að sjá nafn þess sem þær myndu giftast í framtíðinni. Nútíma útgáfa þessarar sögu er á þessa leið.

Þrettánda desember var það siður að stúlkur tóku 12 miða og skrifuðu nöfn stráka sem þær voru hrifnar af nema á einn, hann var auður. Síðan var einn miði tekinn og brenndur á hverjum degi fram að jólum og nafnið á þeim síðasta varð síðan eiginmaður viðkomandi í ljósi örlaganna, nema ef nafnlausí miðinn varð síðastur þá var enginn eiginmaður í spílinu. En hafa ber í huga að þetta gildi bara fyrir eitt ár í senn.

Heimild: <http://blog.timeforslovakia.com/funny-slovak-superstitions-about-love-and-marriage/>
og Maria



Litli Hver

Félagsleg dagskrá í desember

Þriðjudagur 5. desember
Jólaveislan kl. 18.00 til 21.00

Fimmtudagur 7. desember
Listasafn Reykjavíkur Kjarvalsstaðir kl.
14:45 með leiðsögn

Þriðjudagur 12. desember
Laufabrauð í Geysi
Kl. 14.00

Laugardagur 16. desember
Litlu jólin í Geysi
kl. 11.00 til 14.00

Föstudagur 22. desember
Skötuveisla í Geysi
kl. 12.15 til 13.15

Jólagetraun Litla Hvers 2023

Í þessu tölublaði Litla Hvers verður lítil jólagetraun sem felst í því að finna Mariúr meyjar sem hafa komið sér fyrir á ýmsum stöðum í blaðinu. Leikurinn felst í því að finna Mariurnar, skrá fjölda þeirra á blað ásamt nafni þáttakanda og setja í lausnakassa í eldhúsdeildinni. Dregið verður úr réttum innsendum lausnum á litlu jólinum 16. desember 2023. Veglegur vinningur í boði.

Afmælisveisla félaga sem eiga afmæli í desember verður haldin 28. desember kl. 14.00



Clubhouse International
Creating Community: Changing the World of Mental Health

Geðheilsa er líka heilsa

Nýr verkefnastjóri í eldhúsdeild

Kemika(Kim)Arunpirom hóf störf í Klúbbnum Geysi um miðjan nóvember. Hún kemur frá Khonkaen í Tælandi. Hún er með BA í markaðsstjórn frá Khonkaen University og matar og næringarfræði í Miðstöð símenntunar í Reykjanesbæ. Hún hefur búið á Íslandi síðan 2008 og líkar vel hér. Við óskum henni velfarnaðar í starfinu og hlökkum til að vinna með henni í Geysi.




Ásta Olsen tekur þátt í myndlistakeppni í Japan

Ásta er hér á myndinni með málverkið sitt tilbúið fyrir myndlistakeppnina í Japan. Þetta er samkeppni sem hefur verið haldin síðan 2008 og í fyrsta sinn sem Geysisfélagi tekur þátt.



Þórðar-speki



Oft er blóð þykkara
en vín nema í æðum renni
blóðþynningarlyf